



Leikskólinn Austurkór
Endurmat
– Sköpun & menning –

Skólaárið 2019-2020

Inngangur

Hluti af verklagi leikskóla Kópavogs er að meta hvernig námsþættir Aðalnámskrár birtast í starfinu þeirra og er einn námsþáttur tekinn fyrir á hverju skólaári. Þetta árið var það námsþátturinn „Sköpun og menning“ sem var skoðaður og er niðurstöðum matsins skilað til Menntasviðs sem og nýtt í sjálfsmatsskýrslu Austurkórs.

Framkvæmd

Innra matið var byggt á viðmiðum/gátlista sem nefnd á vegum Menntasviðs setti fram en einnig á þeim starfsaðferðum sem tilteknað eru í skólanámskrá og starfsáætlunum Austurkórs.

Skoðanakönnun byggð á þessum viðmiðum var lögð fyrir starfsfólkið (fyrir utan starfsfólk eldhúss) í maí 2020.

Einnig var sett saman matsteymi sem fór inn á deildir og skoðaði starfið og gögn sem tilheyra þessum námsþætti. Í teyminu voru Ingibjörg Hauksdóttir sérgreinastjóri skipandi starfsins í Austurkór, Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir sérkennari, Nora Jacobs leiðbeinandi á Öskju og Guðný Anna Póreyjardóttir skólastjóri. Þær skiptu með sér verkum og mátu mismunandi atriði/viðmið sem gátlistans ásamt atriðum sem koma fram í skólanámskrá/starfsaðferðum skólans og tengjast beint þessum námsþætti. Ingibjörg skoðaði skipandi starf deilda og nýtti sér m.a. skráningarblöð Þingstarfa, námsferilsskráningar barnanna, uppeldisfræðilegar skráningar og ljósmyndir í gagnaöflun. R. Gróa skoðaði samverustundir á deildum og skráði niður hvernig þær fara fram. Nora skoðaði námsefni og – tæki og aðgengi barnanna að þeim sem og matmálstímana. Hún spurði bæði börn og starfsfólk um þeirra upplifun á þessum þáttum skólastarfsins. Guðný Anna setti saman netkönnun og sendi til starfsfólks.

Að lokinni gagnaöflun fundaði matsteymið í tvígang þar sem bornar voru saman bækur og ýmsar leiðir til úrbóta voru settar fram. Þessi vinna fór fram í maí og júní 2020. Í júní og júlí fundaði skólastjóri með hverri deild fyrir sig og kynnti niðurstöður matsins og í framhaldinu gerði deildin umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Auk þess var rykið dustað af þeim atriðum sem sett voru í umbótaáætlun varðandi námsþáttinn „Heilbrigði og vellíðan“ en sá námsþáttur var metinn skólaárið 2018-2019. Í ljós kom að ekki hefur tekist að ná öllum markmiðum sem sett voru þar fram og eru þau því einnig í umbótaáætlun deildanna fyrir næsta skólaár.

Úrvinnsla – Niðurstöður

Matsteymið fundaði í tvígang til að fara yfir þær upplýsingar sem söfnuðust saman, bera saman bækur og varpa fram hugmyndum að úrbótum. Samhljómur var á meðal matsteymisins og starfsmannahópsins um þau atriði skólastarfsins sem þarfnast úrbóta.

Við þurfum að bæta skólastarfið í eftirtöldum þáttum:

- Tónlist þarf að eiga stærri og markvissari sess í skólastarfinu í Austurkór. Við þurfum að njóta/hlusta á fjölbreyttari tónlist og tengja hana meira við fjölmenningu. Við þurfum einnig að nota hljóðfæri oftari í sköpun sem og í samverustundum (sem eru meira kennarastýrðar).
- Dans þarf að eiga stærri og markvissari sess í skólastarfinu í Austurkór. Við þurfum að bjóða börnunum oftari upp á námstækifæri fyrir bæði sjálfsprottinn og stýrðan dans.
- Leikræn tjáning þarf að eiga stærri og markvissari sess í skólastarfinu í Austurkór. Við þurfum að veita fleiri barnahópum en elstu börnunum tækifæri að vinna markvisst með leikræna tjáningu og nýta mannauðinn betur í því sambandi.
- Vettvangsferðir á listsýningar og listasöfn. Við þurfum að veita fleiri barnahópum en elstu börnunum þá upplifun sem fylgir þessum ferðum.
- Námsumhverfi þarf að vera uppfært oftari og tengjast meira við þau verkefni/viðfangsefni sem eru í gangi hverju sinni, bæði á deildum og almennum rýmum. Við þurfum að setja inn fleiri innsetningar sem vekja hughrif og spurningar okkar (kennara, barna, foreldra) (einkum þar sem við horfum til Reggio Emilia í starfsaðferðum okkar).
- Námsefni þarf að vera uppfært reglulega og aðgengi barnanna að því þarf að vera það sama óháð deildum. Við þurfum að nota enn frekar opin efnivið í leik og sköpun, setja hann fram á aðgengilegan og falllegan hátt og uppfæra reglulega. Við þurfum einnig að vinna markvissara með bækur og tengja þær við þau viðfangsefni/verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Bækurnar þurfa jafnframt að vera fjölbreyttari því við höfum lítið sem ekkert nýtt okkur listaverka- og ljósmyndabækur í náminu í Austurkór.
- Tjáning barna um verk sín þarf að vera markvissari sem og sýnileg virðing fyrir verkum þeirra í uppsetningu. Við þurfum að vera meira vakandi fyrir því að skrá niður það sem börnin tjá sig um verk sín þegar þeim er lokið (komin upp á vegg/stílt upp). Einnig megum við setja meiri alúð oft á tíðum í uppsetningu verka.
- Matmálstímar eiga að vera meiri gæðastundir fyrir auga og sál. Við þurfum að bæta framsetningu matarins og setja meiri alúð í uppsetningu matmálstíma. Við þurfum jafnframt að virkja kennara enn betur í umræðum um mat, uppruna hans, vera með fjölbreyttari orðanotkun í stundinni o.fl.o.fl.
- Tenging við íslenska menningu sem og annarra þjóða þarf að vinna markvissara og dýpra með. Við þurfum að gefa börnunum fleiri tækifæri til þátttöku í undirbúningi tyllidaga og annarra viðburða sem eru á skóladagatalinu. Við þurfum einnig að tengja mun betur fjölmenningu inn í allt starf.

Aðgerðarplan

- Á deildarfundum fór leikskólastjóri yfir niðurstöðurnar og hófst vinna við umbótaáætlun í kjölfarið á því. Þeirri vinnu er ekki lokið og munu umbæturnar verða hluti af starfsáætlun deildarinnar næsta skólaár.
- Ákveðið hefur verið að nýta mannauðinn betur og bjóða upp á fleiri svæði í Krakkaflæði. Jessica mun bætast í hóp Rannveigar og Ingibjargar í ágúst og vera með svæði sem börnin geta kosið sér. Rannveig hefur á sínu svæði verið með verkefni tengdum málörvun, sögum/sögugerð og tónlist og verður enginn breyting þar á. Ingibjörg hefur á sínu svæði (listasmiðju) verið með myndsköpun með ýmsu sniði og heldur hún því áfram næsta skólaár. Jessica verður með á sínu svæði leikræna tjáningu, verkefni tengd sjálfsmynd og tilfinningum o.fl. Þær munu vinna saman með ákveðið þema tengdu fjölmenningu og tengja sínar námsleiðir við það.
- Umhverfisnefndin (en það er í hennar höndum að umhverfið sé 3 kennarinn a al Reggio Emilia – breyta, bæta, setja upp innsetningar o.fl.) og deildarnar ætla að vinna meira í takt og vera samábyrg fyrir umhverfinu....og auka þannig meðvitund alls starfsfólks fyrir mikilvægi þess að umhverfið sé snyrtilegt, fallegt og námshvetjandi. Sú deild sem hefur umsjón með matsalnum (mánaðarleg skipti) hefur ábyrgð á uppsetningu umhverfisins og vinnur m.a. „gátlista“ fyrir kennara svo að matmálstímarnir verði meiri gæðastundir.
- Fræðsla fyrir starfsmannahópinn í tengslum við fjölmenningu verður í símenntunaráætlun næsta skólaárs.

Lokaorð

Mörg sóknarfæri fylgja endurmati og hjálpar það okkur við dýpkun í starfsaðferðum og verða faglegri í starfsháttum og hugsun. Að rýna í starfið út frá námsþættinum „Sköpun og menning“ er sérstaklega mikilvægt fyrir skóla sem horfir til Reggio Emilia í starfsaðferðum. Eins og kemur fram hér að ofan þá er úrbóta þörf og hafa margar hugmyndir og leiðir hafa komið fram sem gaman verður að sjá framkvæmdar.....